



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ORÐSPOR

ÍSLE2OS05

Kennsluáætlun – haustönn 2018

Kennarar áfangans:

Gísli Skúlason (GK), Guðbjörg Grímsdóttir (GGR), Katrín Tryggvadóttir (KT) og Stefán Hannesson (SH).

Áfangalýsing:

„Af máli má maðinn þekkja“ og því skiptir máli að vanda mál sitt. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Verkefni eru bæði skrifleg og munnleg.

Forkröfur: Lágmark B á grunnskólaprófi eða ÍSLE1DE05/ÍSLE1LR05

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum nytjatexta
- á margs konar málsniði

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalaus máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

Kennslubækur og kennslugögn

- Efni frá kennara.
- *Handbók um íslensku*. Stofnun Árna Magnússonar.

Kröfur og verkefnaskil

- Lokapróf er í áfanganum en hægt er að sleppa því með því að ná eftirtöldum þremur atriðum:
 - Fá að lágmarki einkunn 7 út úr málfarsprófi 1 og 2.
 - Fá að meðaltali einkunn 7 úr verkefnum 7 – 10.
 - Hafa lokið að lágmarki 90% verkefnum annarinnar.
- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemenda.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil.
- Allir nemendur eru skráðir í Innu og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Skila þarf verkefnum vikulega alla önnina, tölvuunnum.
- Símanotkun í tímum er leyfð til að fletta upp í orðabókum og öðru í tengslum við námið. Símar eru ekki ritvinnslutæki og því ekki nothæfir í ritunarþætti verkefna.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Námsmat áfangans

VERKEFNI	VÆGI	REGLUR ÁFANGANS
Verkefnaskil (verkefni 1-6)	5%	Áfanganum lýkur með lokaprófi en hægt er að vinna sig frá því. Lokaprófið er úr verkefnum 1-6 og málfarsprófum 1 og 2. Lokapróf gildir 60% af lokaeinkunn. Nái nemandi einkunn 7 fyrir málfarspróf 1 og 2 og að meðaltali einkunn 7 fyrir verkefni 7-10, má hann sleppa við að taka lokapróf.
Málfarspróf 1	25%	
Málfarspróf 2	25%	
Verkefni 7, Áhrif uppeldis	15%	
Verkefni 8, Atvinnuumsókn og viðtal	10%	
Verkefni 9, Ræða	10%	
Verkefni 10, Blönduð verkefni	10%	
Skilatími verkefna: Öllum verkefnum ber að skila fyrir klukkan 23:30 á föstudögum til að full einkunn fái fyrir þau. Verkefnum má þó skila fram á sunnudagskvöld, til klukkan 23:30 ef á þarf að halda. En þá lækkar einkunn verkefnis um 10%.		

ORÐSPOR – VINNUÁÆTLUN HAUSTÖNN 2018

	Verkefnavinna
20.-24.ág.	Kynning á áfanga; helstu verkefni, heimavinna og tímavinna. Verkefni 1, Gott mál og vont. Handbók um íslensku (bls. 11-12, 17-24, 79-87, 243-248). Pælingar – Að hugsa á íslensku. Greinar; <i>Á núll ára afmælinu og Tveir punktur fimm?</i> Glærur fylgja efninu.
27.-31.ág	Verkefni 2, Orðaforði. Handbók um íslensku (bls. 145-147, 192-194 og 267-270). Pælingar – Er orðaforðinn virkur? Greinar; <i>Um sífjaspell og Að vefjast tunga um tönn.</i> Glærur fylgja efninu.
3.-7. sept	Verkefni 3, Málnotkun og beygingar. Handbók um íslensku (bls. 42-70, 122-136). Greinar; <i>Föll og skortur þeirra og Hvor, nokkur, einhver.</i> Skjal um fornöfn.
10.-14. sept	MÁLFARSPRÓF 1, MÁLFAR OG MÁLNOTKUN. Viðtöl. Þá er fyrstu lotu áfangans að fullu lokið.
17.-21.sept.	Verkefni 4, Ýmsar ritanir. Handbók um íslensku (bls. 88-90, 106-111, 148-157, 177-184 og 195). Pælingar – Punktur, punktur, komma, strik Glærur fylgja efninu.
24.-28.sept.	Verkefni 5, Nokkrir áhrifavaldar. Handbók um íslensku (bls. 340 – 348).
1.-5.okt.	Verkefni 6, Textavinna, túlkun og málsnið Handbók um íslensku (bls. 169-170 og 271-278). Greinar; <i>Gamall og gleymdur orðaforði.</i>
8.-12.okt.	MÁLFARSPRÓF 2, TÍMARITUN. Þá er annarri lotu áfangans að fullu lokið.
15.-19.okt. haustfrí 18.-19.	Verkefni 7 lagt fyrir. Handbók um íslensku (bls. 31-38, 163-168, 206-214, 279-282). Pælingar – Bygging ritunar og framsetning. Viðtöl. Leseefni: Ritun í nokkrum auðveldum skrefum, ritunarleiðbeiningar.
22.-26.okt.	Viðtöl Verkefni 7 skilað í vikunni.
29.okt.-2.nóv	Verkefni 8, Atvinnuumsókn og starfsviðtal. Handbók um íslensku (bls. 25-30 og 249-254). Pælingar – Atvinnuumsókn. Verkefni 8 skilað í síðasta tíma vikunnar.
5.-9.nóv.	Verkefni 9, Ræða. Handbók um íslensku (bls. 315-324). Pælingar – Tjáning og framsögn. Sjúkrapróf og upptökupróf.
12.-16.nóv.	Verkefni 10, Sitt lítið af hverju.
19.-23.nóv.	Flutningur á ræðum/myndbandasýningar/viðtöl.
26.-30.nóv.	Flutningur á ræðum/myndbandasýningar/viðtöl.
3.-7.des.	Uppgjör áfangans.
10. – 14.des	NÁMSMAT